

**Nd. 167. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 82, 23. júní 1932, um sjúkrasamlög.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Á eftir 3. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, sem verða 4. og 5. gr., svo hljóðandi:

- a. (4. gr.) Ráðherra er heimilt o. s. frv. .... og sleppa dagpeningatryggingu.
- h. (5. gr.) Enginn má vera hluttækur félagi í meira en einu sjúkrasamlagi í senn.

Nú óskar félagi að flytja sig úr einu samlagi í annað, og er þá stjórn þess samlags, er hann æskir inntöku í, heimilt að veita honum viðtöku án inntökugjalds, sérstakrar læknisskoðunar og án tillits til aldurs hans, enda sýni hann skilríki frá því samlagi, er hann fer úr, að hann sé fullgildur félagi þar.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.